

REGLUGERÐ

um bann við veiðum á sæbjúgum í Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 14. febrúar 2010, eru allar veiðar á sæbjúgum bannaðar á svæði í Faxaflóa sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 08, 91' N – 22° 39, 70' V
2. 64° 10, 42' N – 22° 36, 87' V
3. 64° 09, 28' N – 22° 32, 62' V
4. 64° 07, 98' N – 22° 35, 96' V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. febrúar 2010.

F. h. r.

Steinar Ingi Matthíasson.

Kristján Freyr Helgason.